

**Ed.**

## **307. Breytingartillögur**

[196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBI, EKJ, EG, JE, VS).

1. Við 2. gr. bætist: sbr. þó III. kafla laga þessara.
2. Við 3. gr.
  - a. 16. tölul. A-liðar orðist svo: Vélar, tæki og búnaður til notkunar í fiskvinnslu sem falla undir tollskrárnúmer 3923.1001, 8413.7000, 8413.9100, 8414.3000, 8414.9000, 8418.6109, 8418.6909, 8418.9900, 8422.1900, 8438.8000 og 8438.9000.
  - b. Við 22. tölul. A-liðar bætist: sem skattskyldar eru til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.
  - c. Í stað orðanna „II. kafla laga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum“, í 22. tölul. B-liðar komi: III. kafla laga þessara.
3. Við 4. gr.
  - a. 2. og 3. másl. 20. tölul. verði 2. mgr. 4. gr.
  - b. Við 1. mgr. bætist nýr tölul. er verði 21. tölul. og hljóði svo: Greiðslum samkvæmt samningum um fjármögnunar- eða kaupleigu véla, tækja og búnaðar til atvinnurekstrar.
  - c. Við 1. mgr. bætist nýr tölul. er verði 22. tölul. og hljóði svo: Vörum sem erlendir ferðamenn hafa með sér er þeir hverfa úr landi.
4. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:  
Við lögum bætist svohljóðandi kafla:

### **III. KAFLI**

#### **Sérstakur söluskattur.**

18. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 12% — tólf af hundraði — sérstakan söluskatt af endurgjaldi fyrir eftirtalda þjónustu, starfsemi eða verðmæti:

1. Lögfræðiþjónustu, verkfræðiþjónustu, tæknifræðiþjónustu, hagfræðiþjónustu, viðskiptafræðiþjónustu, arkitektþjónustu, náttúrufræðiþjónustu, landafræðiþjónustu, endurskoðendaþjónustu og hliðstæða þjónustu svo og þjónustu skjalapýðenda, dóm-túlka og hliðstæðra aðila.
2. Bókhaldbjónustu, framtalsaðstoð, tollskýrslugerð, álits- og matsgerðir, tölvubjónustu og tölvuvinnslu, þar með talda þjónustu kerfisfræðinga og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf og hliðstæða sérfræðiþjónustu. Sama á við um ráðningarþjónustu, útleigu vinnuafis, vaktþjónustu, sbr. þó 2. mgr., þjónustu rannsóknastofnana, útgáfu- og auglýsingaþjónustu, svo sem gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar svo og hönnun umbúða, ársreikninga, eyðublaða, dreifirita, bæklinga og aðra hliðstæða þjónustu.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

Til skattskyldrar þjónustu eða starfsemi samkvæmt þessum kafla telst ekki þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og dýralækningar og framleiðsla gervilima og þess háttar umbúnaður fyrir lamaða. Sama á við um vaktþjónustu presta og útfararþjónustu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja fyllri ákvæði um skattskyldu samkvæmt þessum kafla, svo og um önnur atriði er lúta að framkvæmd. Þá er honum heimilt að undanþiggja

tiltekna þjónustu eða starfsemi sérstökum söluskatti umfram það sem gert er í 2. mgr. 18. gr. teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti í skattlagningu á sambærilegri eða hliðstæðri þjónustu. Að öðru leyti skulu ákvæði II. og IV. kafla laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, þar á meðal um refsingar, gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt samkvæmt þessum kafla.

5. Við 8. gr., er verður 9. gr., bætist eftirfarandi: svo og II. kafli bráðabirgðalaga nr. 68 1987, um ráðstafanir í fjármálum.
6. Við frumvarpið bætist nýtt bráðabirgðaákvæði, er verði nr. III, svohljóðandi:

Hafi verið gerður samningur fyrir gildistöku laga þessara um afhendingu vinnu eða þjónustu sem skattskyld er til sérstaks söluskatts, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á sérstökum söluskatti skv. 7. gr. laga þessara og sérstökum söluskatti skv. II. kafla bráðabirgðalaga, nr. 68/1987, nema sannað sé að mismunurinn hafi verið talinn með í kaupverðinu eða þóknuninni við ákvörðun hennar.